



Vatna- og sundfuglar á Jökulsá
á Dal og endur á Lagarfljóti og á
vötnum á Fljótsdalsheiði árið
2014

Lykilsíða



Skýrsla LV nr: 2015-071

Dags: 22.06.2015

Fjöldi síðna: 19

Upplag: 24

Dreifing:

- ☐ Birt á vef LV
- ☒ Opin
- ☐ Takmörkuð til

Titill: Vatna- og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2014.

Höfundar/fyrirtæki: Halldór Walter Stefánsson /Náttúrustofa Austurlands NA-150150

Verkefnisstjóri: Hákon Aðalsteinsson

Unnið fyrir: Landsvirkjun

Samvinnuaðilar:

Útdráttur: Talningar á öndum á Lagarfljóti og vötnum á Fljótsdalsheiði og á vatna- og sundfuglum á Jökulsá á Dal eru liðir í vöktun Náttúrustofu Austurlands á völdum fuglategundum sem tengjast vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar fyrir Landsvirkjun.

Árið 2014 fjölgaði hávillum á Lagarfljóti miða við árið áður en skúfönd og stökkönd fækkaði lítillega. Á Fljótinu voru flestar hávellur næst og fjærst Héraðsflóa. Á vötnum á Fljótsdalsheiði voru hávellur fæstar í fjögur ár sem rannsóknir hafa staðið yfir sem sennilega má rekja til snjóþyngsla um vorið.

Endur, álfir og máfar voru algengustu vatna- og sundfuglarnir á Jöklu sumarið 2014. Einstaklingar af 19 tegundum voru taldar á ánni og af þeim voru níu tegundir með færri en 10 einstaklingum.

Lykilorð: Vatnafuglar, endur, Jökulsá á Dal, Lagarfljót, Fljótsdalsheiði.

ISBN nr:

Samþykki verkefnisstjóra
Landsvirkjunar

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Hákon Aðalsteinsson', written over a horizontal line.

Vatna- og sundfuglar á Jökulsá á Dal og endur á Lagarfljóti og á vötnum á Fljótsdalsheiði árið 2014.

Efnisyfirlit

Inngangur	8
Rannsóknasvæði.....	8
Aðferðir	12
Niðurstöður og umræða.....	13
Vatna- og sundfuglar á Jöklu	16
Tegundaumfjöllun:	18
Þakkir	21
Heimildir	21

Myndaskrá

Mynd 1 - Lagarfljóti er skipt í fjögur talningasvæði sem rauðar línur marka.....	9
Mynd 2 - Aurasvæði Jökulsár á Dal séð frá Brúarási til Héraðsflóa (ljósm. SGP).....	10
Mynd 3- Jökulsá á Dal frá Giljum að Hnefilsdal (ljósm. SGP).	10
Mynd 4 - Gengin leið og útsýnisstaðir við Gilsárvötn á Fljótsdalsheiði frá 2011-2014.....	11
Mynd 5 - Fjöldi og dreifing hávelli á talningadögum á Lagarfljóti sumarið 2014.	13
Mynd 6 - Þróun í fjölda hávelli á Lagarfljóti árin 2005-2014.....	13
Mynd 7 - Fjöldi hávelli á vötnum á Fljótsdalsheiði frá 2011 til 2014.....	14
Mynd 8 - Þróun í fjölda skúfanda á Lagarfljóti árin 2005-2014.	14
Mynd 9 - Breytingar á hámarksfjölda stökkanda á Lagarfljóti frá 2005-2014.	15
Mynd 10 - Breytingar á stærstu hópum hávella og skúfanda að vori og stökkanda að vetri á Lagarfljóti 1989-2014.	15
Mynd 11 - Dílaskarfur og tveir lómar á Jöklu við Eiríksstaði 27.4.2014 (ljósm. Páll H. Benediktsson Hákonarstöðum, Jökuldal).	16
Mynd 12 - Hlutfall vatnafugla á Jökulsá á Dal árið 2014.	17
Mynd 13 - Fjöldi og tegundir vatna- og sundfugla við Jökulsá á Dal árið 2014.....	17

Inngangur


Vöktun á hávellum *Clangula hyemalis* í tengslum við Kárahnjúkavirkjun er unnin af Náttúrustofu Austurlands fyrir Landsvirkjun. Hávellur hafa verið taldar árlega á Lagarfljóti (Fljót) frá árinu 2005 og frá 2011 á vötnum á Fljótsdalsheiði. Árið 2014 voru þær taldar líkt og undanfarin ár. Marmið talninganna var að kanna breytingar á fjölda hávelli á vatnasviði virkjunarinnar.

Skúfendur *Aythya fuligula* og stokkendur *Anas platyrhynchos* voru taldar á Lagarfljóti samhliða hávelli. Stokkendur eru að hluta til staðfuglar á svæðinu og eru þekktar fyrir að hafa vetursetu á Lagarfljóti þar sem það leggur ekki. Skúfendur eru mest á Lagarfljóti á vorin.

Nýr liður í vöktuninni sem byrjað var á sumarið 2014 var úttekt á vatna- og sundfuglum á Jökulsá á Dal (Jöklu). Þremur dögum var eytt í skoðun á þessum fuglum auk þess sem tveir dagar í heiðagæsarannsóknnum á Efra-Jökuldal nýttust á þeim hluta árinna sem náði frá Brú að Gilsá sunnan Skjöldólfsstaða. Einnig tilkynntu bændur á Jökuldal um fugla á og við ána til stofunnar. Þessar athuganir eru gerðar til að kanna nýtingu fugla á Jöklu eftir að mesta jökulvatnið hvarf úr henni stóran hluta sumarsins árið 2007 þegar vatni úr Hálslóni var veitt yfir í Lagarfljót. Viðbúið var að fuglar þyrftu tíma til að aðlaðast breyttum skilyrðum í ánni og fyrir nýtt vatnalífriki að myndast. Hin síðari ár hafa ýmsir vatna- og sundfuglar notfært sér ána sem ekki hafa verið þar mikið áður. Úttektin 2014 nýtist til að leggja línurnar fyrir frekari rannsóknir sem gerð verður grein fyrir í þessari skýrslu.

Rannsóknasvæði

Lagarfljót frá ósi við Héraðsflóa suður undir Múla í Fljótsdal á móts við stöðvarhús Kárahnjúkavirkjunar er aðal rannsóknasvæðið tengt vöktun hávelli. Athugunarsvæðinu er skipt í fjögur talningasvæði; Héraðsflói-Lagarfoss, Lagarfoss-Rangá, Rangá-Egilsstaðir og sunnan Egilsstaða Lögurinn (1. mynd). Hávellur voru taldar á vötnum og tjörnum í nágrenni Lagarfljóts. Útsýnisstaðir þaðan sem hávellur eru taldar á Fljótinu eru; frá Egilsstöðum að Héraðsflóa: Fellabær, Skógargærði, Rangá, Dagverðargærði, Vífilsstaðir, Þinghöfði, Straumur, Litla Steinsvað, Lagarfoss, Ekra, Dratthalastaðir, Steinbogi, Hóll, þaðan gengið meðfram Fljótinu út í Torfur, Finnsstaðir og Mýnes. Frá Egilsstöðum suður að Fljótsdalsmúla: Skipalækur, Ekkjufell, Kross, Setberg, Rauðilækur, Prestakleif, Ás, Hof, Teigaból, Hrafnsgærði, Arnheiðarstaðir, Geitagerði, Brekkugerði, Brekka, Klifá, Buðlungavellir, Vallholt, Hrafnkelsstaðir, Brattagerði, Víðivallaskógur, Hlíðarhúsakvísl og Múli. Samtals eru þetta 38 staðir.



Mynd 1 - Lagarfljót er skipt í fjögur talningasvæði sem rauðar línur marka.

Áhersla var lögð á að kanna vatna og sundfugla á Jökulsá á Dal. Athugunarsvæðið náði frá Hofteigi á Jökuldal að Húsey í Hróarstungu. Upplýsingum um þessa fugla var einnig aflað frá Jöklu á Jökuldal frá Brú að Gilsá sunnan Skjöldólfsstaða. Oft tengjast bakkar árinna og nánasta umhverfi nýtingu fugla á viðkomandi farvegi og eru því hluti af rannsóknarsvæðinu.


Farvegur Jöklu einkennist af aurasvæði norðan við Brúarás í Jökulsárhlíð og á þeim kafla sem tekur við norðan Hnitasporðs við Hafrahvamma að Brú á Jökuldal. Nokkrar eyrar eru í ánni frá Hvanná að Mælishóli á Jökuldal. Annarsstaðar er farvegurinn þrengri og liggur um stokka og gil (2. og 3. mynd).



Mynd 2 - Aurasvæði Jökulsár á Dal séð frá Brúarási til Héraðsflóa (ljósm. SGP).



Mynd 3- Jökulsá á Dal frá Giljum að Hnefilsdal (ljósm. SGP).



Mynd 4 - Gengin leið og útsýnisstaðir við Gilsárvötn á Fljótsdalsheiði frá 2011-2014.

Á Fljótsdalsheiði var talið á Garðavatni, Hólmavatni, Gilsárvötnum, Eyrarselsvatni, Langavatni og Axarárvötnum auk smærri vatna og tjarna þar á milli (4. mynd).

Aðferðir

Í öllum meginráttum var beitt sömu aðferðum við talningar á hávelli 2014 og notaðar hafa verið áður í vöktuninni (Bibby o.fl. 1992). Allar hávellur sem sáust voru taldar og skráðar. Fyrsta talning er yfirleitt seinni hluta maí og svo er reynt að telja með tíu daga bili í fjögur til sex skipti yfir sumarið. Skúfendur og stokkendur voru taldar jafnhliða hávelli og reynt hefur verið að fylgjast með stokköndum á Fljótinu allt árið.

Lagarfljóti er skipt upp í fjögur talningasvæði (1. mynd). Nyrst er svæðið Héraðsflói-Lagarfoss og þar suður af Lagarfoss-Rangá. Um miðbik Héraðsins er svæðið Egilsstaðir-Rangá og syðsti hluti Fljótsins er Lögurinn sem endar á móts við stöðvarhús í Fljótsdal. Lengd Lagarfljóts, þar með talinn Lögurinn frá stöðvarhúsi Kárahnjúkavirkjunar í Fljótsdal og norður í Héraðsflóa er um 95 km.

Einn var hringur um Lögin og fuglar taldir frá áður nefndum útsýnisstöðum og milli þeirra. Lagarfljótið frá Egilsstöðum að Lagarfossi var talið af vegi í Hróarstungu en frá Lagarfossi að Rima frá vegi í Hjaltastaðapínghá. Fara þarf slóða að Steinboga til að skoða Lagarfljótið norðan og vestan við Móberg og að Hóli. Frá Hólshjáleigu var farið eftir slóða meðfram Fljótinu út undir Grænanes og gengið þaðan um Grænamó að Torfum. Hávellur voru taldar á Lagarfljótinu frá 38 útsýnisstöðum, bæði með handsjónauka og fjarsjá.

Fugla á Lagarfljóti er hægt að skoða með sjóntækjum og telja úr bifreið að mestum hluta. Fyrir vikið hefur veður ekki mikil áhrif á talningarnar en reynt er að telja þegar veðurskilyrði eru hagstæð.

Milli Finnsstaða og Skógargærðis og utan við Lagarfossvirkjun sést takmarkað frá vegi á Fljótið. Sama á við frá Móbergi og út fyrir Geirastaðakvísl. Sameiginlegur ós Jökulsár á Dal og Lagarfljóts liggur norður af bænum Húsey. Samtals eru þessi svæði um 6-7 km að lengd. Þau eru ekki talin. Mestur hluti Lagarfljóts er því skoðaður þegar hávellur eru taldar. Skúfendur og stokkendur eru taldar á sama svæði.

Á vötnum á Fljótsdalsheiði var talið með handsjónauka og fjarsjá úr bíl sunnan Gilsárvatna en gengið var að Gilsárvötnum og talið frá hæstu útsýnisstöðum og á milli þeirra.


Úttekt á vatna- og sundfuglum á Jöklu voru byggðar á þriggja daga talningum auk skoðunar samhliða úttekt á heiðagæsavarpi á Efra-Jökuldal. Litið var sérstaklega eftir fuglum sem nýttu sér ána og bakkana. Tekið var við tilkynningum heimamanna. Annars var ekið um sveitir og gengið að og með ánni á köflum og fuglar taldir og horft yfir svæðin með fjarsjá og sjónauka.

Niðurstöður og umræða

Hávellur nota Lagarfljót bæði sem viðkomustað og fæðusvæði og hafa komið þar ungum á legg. Flestar sjást á Fljótinu í maí og fram í júní. Hópar yfir sumarið hafa yfirleitt verið næst Héraðsflóa. Vinsælustu staðir hávellu eru oft nærri ármótum þar sem þverárnar falla í Fljótið. Þær nýta einnig aðrar straumpungar bergvatnsár til fæðuöflunar á Héraði.

Árið 2014 sáust fyrstu hávellurnar 5. maí á Eyvindará við Egilsstaði en á Lagarfljóti við Fellabæ þann 18. maí. Flestar voru á Leginum sunnan Egilsstaða og næst Héraðsflóa en minna þar á milli (5. mynd).


Hávellur eftir svæðum og talningadögum á Lagarfljóti árið 2014



Mynd 5 - Fjöldi og dreifing hávellu á talningadögum á Lagarfljóti sumarið 2014.


Alls sáust níu hávellur í athugunum á Jökulsá á Dal sumarið 2014 sem bendir til að eitthvað hafa þær þangað að sækja. Hávellur höfðu lítið sést við Jöklu fyrir vatnaflutninga 2007 en voru þekktar í ármótum þveráa og Jöklu. Eftir að mesta jökulvatnið hvarf úr Jöklu hafa ýmsar fuglategundir nýtt sér ána og næsta nágrenni í meiri mæli en áður.

Hávellur á Lagarfljóti



Mynd 6 - Þróun í fjölda hávellu á Lagarfljóti árin 2005-2014.


Mun fleiri hávellur sást á Lagarfljóti árið 2014 en árið 2013 þegar viðsnúningur varð í fjölda frá lágmarksárinu 2012 (6. mynd). Erfitt er að útskýra þessar breytingar en álíka sveiflur hafa átt sér stað áður samanber 10. mynd. Yfirleitt gefa fyrstu tvær talningarnar á Fljótinu mestan fjölda. Þetta var annað árið í röð sem verulegur fjöldi hávella sést á Lagarfljóti frá því Jökulsá á Dal var veitt yfir í Lagarfljót. Á sama tíma og hávelli fjölga á Lagarfljóti, fækka þeim á vötnum í Fljótsdalsheiði (7. mynd). Líklega hefur tíðarfar og ísilögð vötn, ásamt mögulegum breyttum fæðuskilyrðum áhrif á hvað sést af hávelli á rannsóknarsvæðinu.



Mynd 7 - Fjöldi hávelli á vötnum á Fljótsdalsheiði frá 2011 til 2014.

Frá árinu 2011 hefur fjöldi hávella verið breytilegur á nokkrum vötnum á Fljótsdalsheiði. Allt bendir til að snjóþyngsla á heiðum sumarið 2014 hafi haft áhrif á fjölda og dreifingu og skilað fáum fuglum á heiðarvötnin; hið minnsta sem talið hefur verið (7. mynd).

Skúfendur *Aythya fuligula* voru taldar á Lagarfljóti sumarið 2014 líkt og fleiri andategundir. Þeim fækkaði þar frá og með árinu 2007, fjölgaði lítillega árið 2013 og fækkaði á ný árið 2014 (8. mynd).




Mynd 8 - Þróun í fjölda skúfanda á Lagarfljóti árin 2005-2014.

Skúfendur voru víða á vötnum á Héraði árið 2014 en aðeins fjórir fuglar sáust á Jöklu.

Stökköndum *Anas platyrhynchos* fækkaði á Lagarfljóti frá og með árinu 2006 (9. mynd). Í talningum árið 2014 var það einnig niðurstaðan. Lagarfljót milli Egilsstaða og Fellabæjar var þekktur vetrardvalastaður stökkanda, sjálfsagt fyrir þær sakir að þar leggur sjaldnast að vetri og einhver fæða hefur verið þar í boði. Nú hafa stökkendur dreifst og sjást á öðrum svæðum, m.a. á Eyvindará hjá Egilsstöðum og tugir fugla halda til við fljótið innst í Fljótsdal.


Stökkendur á Lagarfljóti 2005-2014



Mynd 9 - Breytingar á hámarksfjölda stökkanda á Lagarfljóti frá 2005-2014.

Hámarksfjöldi stökkanda á Lagarfljóti hefur lítið breyst frá árinu 2009 fyrir utan aukningu árin 2011 og 2013 (10. mynd).

Hávella, skúfönd og stökkönd á Lagarfljóti



Mynd 10 - Breytingar á stærstu hópum hávella og skúfanda að vori og stökkanda að vetri á Lagarfljóti 1989-2014.

Fjöldi hávella, skúfanda og stökkanda á Lagarfljóti virðist sveiflast svipað. Árið 2014 fækkaði í stærstu hópum hjá þeim lítillega frá árinu 2013 (10. mynd).

Vatna- og sundfuglar á Jöklu

Í úttekt á vatna- og sundfuglum á Jöklu sumarið 2014 sáust 22 tegundir en einstaklingar af 19 tegundum voru taldir sérstaklega. Um var að ræða fyrstu athuganir á hvaða tegundir nota Jöklu eftir vatnaflutningana 2007 þegar ánni var veitt yfir í Lagarfljót úr Hálslóni. Þá var nokkrum tegundum sleppt í úttektinni þar sem þær hafa fengið sérstaka afgreiðslu í vöktun fuglategunda á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar. Það eru grágæs *Anser anser*, heiðagæs *Anser brachyrhynchus* og skúmur *Catharacta skua*.


Sumir af vatna- og sundfuglunum hafa verið mislengi við Jöklu og eru ekki endilega nýir fyrir svæðið. Umfjöllun um nokkra þeirra m.a. lóm, kjóa, svartbak og kríu var gerð skil í Jöklublaði Glettings (Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2007).

Not fugla á Jöklu tengist oft fæðuöflun við ármót þveráa á vatnaskilum. Þeir nota eyrnar og bakkana sem afdrep og til varps. Áin er einnig flóttaleið andfugla í sárum og með unga. Vaðfuglar hafa nýtt sér farveginn til fæðuöflunar meira en áður. Nýjar tegundir fyrir Jöklu eru dílaskarfur *Phalacrocorax carbo* og mandarínönd *Aix galericulata*. Hávellur *Clangula hyemalis* höfðu verið á hliðarám áður en Jöklu var veitt yfir í Lagarfljót.



Mynd 11 - Dílaskarfur og tveir lómar á Jöklu við Eiríksstaði 27.4.2014 (ljósm. Páll H. Benediktsson Hákonarstöðum, Jökuldal).


Flokkun vatna- og sundfugla á Jöklu árið 2014



Mynd 12 - Hlutfall vatnafugla á Jökulsá á Dal árið 2014.

Hlutfallslega mest bar á öndum við Jöklu af þeim tegundum sem komu fram í athugunum sumarið 2014 eða 41%. Alls níu andategundir, fjórar buslendur og fimm kafendur þ.a. tvær fiskiendur. Næst algengustu fuglarnir á Jöklu voru álftir eða 27%. Máfar, kjói, kría og skarfar voru næst fæstir við Jöklu árið 2014 eða 23% og minnst bar á lómum 9% (12. mynd).

Vatna- og sundfuglar við Jöklu árið 2014



Mynd 13 - Fjöldi og tegundir vatna- og sundfugla við Jökulsá á Dal árið 2014.

Taldir vatna- og sundfuglar á og við Jöklu tilheyrðu 19 tegundum sumarið 2014 (13. mynd). Sennilega munu framhaldsathuganir á svæðinu leiða í ljós fleiri tegundir og varpa skýrari mynd á not þeirra á ánni.

Tegundaumfjöllun:

Hér verður gerð grein fyrir 22 tegundum vatna- og sundfugla sem komu fram í úttekt á Jöklu sumarið 2014 þar á meðal getið algengra tegunda sem ekki voru kannaðar sérstaklega.

Lómur (*Gavia stellata*): Tegundin er algeng á Jöklu, einna mest næst Héraðsflóa. Fuglarnir sækja aðallega æti í flóann og varpið er mest á Úthéraði (*Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2007*). Fáein pör verpa upp með Jöklu á tjörnum og pollum við bakkana. Þessir fuglar sækja æti í ána eða hliðarár sem í hana falla. Alls sáust 24 lómar á Jöklu í vatnafuglaskoðun sumarið 2014 frá Stórhólma við Húsey í Hróarstungu að Eiríksstöðum á Jökuldal.

Fýll (*Fulmarus glacialis*): Einn fugl sást í athugunum á svæðinu 27. maí 2014. Þetta var fugl á flugi milli Búðarár og Grundar á Jökuldal. Þekkt er að fýlar fljúgi inn til landsins. Fýlar eru algengir beggja megin við Héraðsflóa og verpa þar.

Dílaskarfur (*Phalacrocorax carbo*): Einn til tveir fuglar sáust í athugunum á Jöklu sumarið 2014. Um sama fugl gat verið að ræða þar sem einn fugl var á Jöklu við Eiríksstaði 27. apríl (11. mynd) og hinn fuglinn sást á bakka Háslóns 13. ágúst. Dílaskarfar hafa verið að mestu leiti gestir við Austurland og sjást árlega einkum við ströndina og stöku sinnum annarsstaðar m.a. við Lagarfljót og á Gilsárvötnum á Fljótsdalsheiði.

Álft (*Cygnus cygnus*): Algeng tegund við Jökulsá á Dal (*Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2007*). Fáein pör verpa við ána og á vorin staldra álfir þar við áður en þær skella sér til heiða. Alls voru taldar 77 álfir í úttekt við Jöklu sumarið 2014.

Heiðagæs (*Anser brachyrhynchus*): Er sennilega algengasta tegundin við Jökulsá á Dal. Verpir meðfram ánni frá Kárahnjúkum nær óslitið til sjávar. Mest er varpið syðst en strjált utan við Gil á Jökuldal. Nyrst er vitað um varp milli Geirastaða og Húseyjar í Hróarstungu. Heiðagæsir voru ekki skoðaðar sérstaklega í tengslum við úttekt vatna- og sundfugla við Jöklu sumarið 2014 en tegundin er vöktuð árlega á vatnasviði Kárahnjúkavirkjunar.

Grágæs (*Anser anser*): Grágæsir eru algengar með Jökulsá á Dal allt frá Héraðsflóa að Skjöldólfsstöðum (*Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2007*). Þær eru áberandi í Hrafnkelsdal og haf fellt fjaðrir á Eyjabökkum. Tegundin verpir með ánni og fellir þar fjaðrir. Eyrar Jöklu eru náttstaðir grágæsa að hausti. Grágæsir voru ekki kannaðar sérstaklega í úttekt á Jöklu sumarið 2014 en tegundinni voru gerð skil í rannsóknum 2005 og 2013 í vöktun valinna tegunda tengdum Kárahnjúkavirkjun.

Mandarínönd (*Aix galericulata*): Tegundin er flækingur á Íslandi og er talin koma úr andagörðum í Evrópu og á uppruna sinn að rekja til Asíu. Áður hafa mandarínendur sést á Austurlandi, en heimilisfólk á Eiríksstöðum á Jökuldal sá eitt par þar við bæ og á Jöklu þann 19. apríl 2014. Óvíst er hvort parið hafi ílengst á svæðinu eða orpið.

Rauðhöfðaönd (*Anas penelope*): Algeng tegund við Jökulsá á Dal og voru taldir 17 fuglar í úttekt á Jöklu sumarið 2014. Allir fuglarnir sáust norðan við Laxárós í Hlíð og er þekktur varpfugl þar. Dreifing rauðhöfða ofar við farveginn er ekki vel þekkt en vitað er að tegundin verpir á Vesturöræfum austan Háslóns.

Urtönd (*Anas crecca*): Urtöndin er næst algengasta andategundin við Jökulsá á Dal og sáust 24 fuglar í úttekt á Jöklu sumarið 2014 allt frá Vörðubrún í Jökulsárhlíð að Steinshlaupi norðan við Brú á Jökuldal. Tegundin er einnig þekkt á Vesturöræfum austan Háslóns og á Eyjabökkum.

Stökkönd (*Anas platyrhynchos*): Tegundin er þekkt um mest alla Jöklu og voru taldar 12 stökkendur frá Stóra Bakka í Hróarstungu að Steinshlaupi norðan við Brú á Jökuldal í úttekt á Jökulsá á Dal sumarið 2014. Tegundin er einnig þekkt á Vesturöræfum austan Háslóns.

Skúfönd (*Aythya fuligula*): Enn sem komið er hefur skúfönd litla dreifingu á Jökulsá á Dal og aðeins voru taldar fjórar endur í úttekt á Jöklu sumarið 2014 en það voru allt karlfuglar við ós Laxár í Jökulsárhlíð. Ekki er ólíklegt að tegundin muni sjást í auknum mæli á Jöklu í framtíðinni. Tegundin er kafönd og er meira við vötn og stórir hópar voru til að mynda flest vor fyrir vatnaflutninga á Lagarfljóti en hafa fært sig meira yfir á nálæg vötn t.d. í Fellum.

Straumönd (*Histrionicus histrionicus*): Tegundin er algengust þeirra anda sem komu fram í úttekt á vatna- og sundfuglum á Jöklu sumarið 2014. Straumendur eru kafendur og þekktar fyrir að vera á straumþungum ám en hafa lítið verið til þessa á beljandi jökulvatni Jöklu fyrir vatnaflutninga. Alls voru taldar 35 straumendur á ánni og við ósa þveráa sem í hana falla árið 2014, allt frá Kaldárósi í Hlíð til Steinshlaups norðan við Brú á Jökuldal.

Hávella (*Clangula hyemalis*): Hávella er sjötta algengasta öndin á Jökulsá á Dal samkvæmt úttekt á ánni sumarið 2014. Alls sáust 9 hávellur á ánni allt frá Laxárósi í Jökulsárhlíð að Steinshlaupi norðan við Brú á Jökuldal. Sennilega kemur tegundin til með að nýta tæra ána í meira mæli í framtíðinni.

Toppönd (*Mergus serrator*): Tegundin er kafönd og fiskiönd og frekar sjaldgæf á Jökulsá á Dal. Aðeins voru taldar fjórar endur á ánni í úttekt vatnafugla sumarið 2014. Um var að ræða þar sem var á móts við Litla Bakka í Hróarstungu og þar sem var á ánni við Hákonarstaði á Jökuldal.

Gulönd (*Mergus merganser*): Tegundin er kafönd og fiskiönd og fimmta algengasta öndin á Jökulsá á Dal samkvæmt úttekt sumarið 2014. Alls voru taldar 10 gulendur frá Grund á Jökuldal norður á móts við Stóra Bakka í Hróarstungu. Þetta voru þrjú pör, stakur karlfugl og þrír stakir kvenfuglar.

Kjói (*Stercorarius parasiticus*): Aðeins einn kjói sást í úttekt vatnafugla á Jökulsá á Dal sumarið 2014 sem verður að teljast lítið þar sem tegundin er algeng á Úthéraði þar sem eitt sinn var þéttasta kjóavarp á Íslandi (*Kristinn Haukur Skarphéðinsson o.fl. 2007*). Þar hefur kjóum fækkað undanfarin ár sem líklega má rekja til fæðuskorts á vetrarstöðvum sem er á hafi úti. Þeir sækja fæðu meira til stranda en inn til landsins en víða eru kjóar verpandi fjarri sjó t.d. á Vesturöræfum.

Skúmur (*Catharacta skua*): Algeng tegund á Úthéraði þar sem er mesta skúmavarp á Austurlandi og hefur verið vaktaður í tengslum við Kárahnjúkavirkjun. Þó ekki hafi verið gerð sérstök úttekt á skúmunum í tengslum við vatna og sundfugla á Jöklu sumarið 2014 voru taldir 250 fuglar allir utan við Litla Bakka í Hróarstungu. Vitað er til að stöku fuglar sækja inn til landsins m.a. sést á Vesturöræfum þar sem þeir eru sennilega í fæðuferðum frekar en í varpi.

Hettumáfur (*Larus ridibundus*): Er næst algengastur máfa við Jökulsá á Dal samkvæmt úttekt á sumarið 2014. En útbreiðslan er takmörkuð og er að mestu bundið við eitt varp sem er við Litla Bakka í Hróarstungu og þeir fuglar dreifast út frá því í fæðuöflun. Alls voru taldir 12 hettumáfar á því svæði sumarið 2014.

Sílamáfur (*Larus fuscus*): Tegundin er algengasta máfategundin við Jökulsá á Dal og voru taldir 29 fuglar í úttekt sumarið 2014. Þeir dreifðust allt frá Kaldárósi í Jökulsárhlíð þar sem er þekkt varp að Búðará á Jökuldal. Sílamáfar verpa einnig við Blöndugerði í Hróarstungu og eflaust verpa stök pör á Jökuldal. Algengt er að sjá máfana við fæðuöflun á og við Jöklu og á Vesturöræfum.

Silfurmafur (*Larus argentatus*): Tegundin er ekki algeng við Jökulsá á Dal, aðeins voru taldir fimm fuglar í úttektinni sumarið 2014. Hinsvegar eru þeir mun algengari beggja vegna Héraðsflóa þar sem þeir verpa. Eitt par verpir í hólma í Jöklu við Grund á Jökuldal. Yfirleitt sjást silfurmafur við fæðuöflun í og við Jöklu.

Svartbakur (*Larus marinus*): Svartbakur er þriðja algengasta máfategundin við Jökulsá á Dal og voru taldir níu fuglar í úttekt sumarið 2014. Þeir dreifðust allt frá Vörðubrún í Jökulsárhlíð að Treglu við Merki á Jökuldal. Svartbakar eru þekktir í hálendinu m.a. á Vesturöræfum austan við Háslón.

Kría (*Sterna paradisaea*): Tegundin er ekki algeng við Jökulsá á Dal og aðeins sáust sex fuglar við Hofteig á Jökuldal sumarið 2014. Varp er þekkt við Kaldárós í Jökulsárhlíð en engir fuglar komu þar fram í úttektinni. Tegundin er þekkt fyrir að flytja sig og gæti það hafa átt sér stað við Kaldá.

Þakkir

Páli H. Benediktssyni og Skarphéðni G. Þórissyni er þakkað fyrir að lána myndir í þessa skýrslu. Kristín Ágústs dóttir fær þakkir fyrir kortavinnslu.

Heimildir

Bibby, C. J., Burgess, N. D. & Hill, D. A. 1992. *Bird Census Techniques*. London: Academic Press Limited.

Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Halldór Walter Stefánsson og Skarphéðinn G. Þórisson 2007. Fuglar við Jöklu. *Glettingur* 45-46. 17.árg. 2-3 tbl. 2007.



Landsvirkjun

Háaleitisbraut 68
103 Reykjavík
landsvirkjun.is

landsvirkjun@lv.is
Sími: 515 90 00

